

Föstudagurinn, 7. nóvember 2003

207. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 41/2003

## **Kvörtun vegna Sláturfélags Suðurlands svf.**

### **I.**

#### **Erindið**

##### **1.**

Samkeppnisstofnun barst erindi frá Áburðarverksmiðjunni hf., dags. 30. september 2002, ásamt fylgiskj. Kvörtunin beinist gegn Sláturfélagi Suðurlands svf. (SS). Áburðarverksmiðjan segir SS vera í markaðsráðandi stöðu í slátrun á búfé á Suður- og Vesturlandi. Meginástæða kvörtunarinnar er að á áburðarpöntunarblaði<sup>1</sup> SS er einn af fjórum greiðslumöguleikum sá að áburðarkaup eru reikningsfærð þannig að greitt er með inneign á afurðareikningi og/eða innleggi afurða. Á umræddu pöntunarblaði eru aðilar sem eiga eða ætla að eiga afurðaviðskipti við SS, og eiga þess kost, beðnir að staðfesta skriflega fjölda innlagðra gripa en jafnframt heimila þeir með undirskrift sinni félaginu að draga áburðarúttekt frá afurðagreiðslu áður en til þeirrar útgreiðslu kemur. Kvartandi segir að umrætt áburðarpöntunarblað sýni að SS blandi saman áburðarpöntun og sláturpöntun og misnoti markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir slátrun á búfé til stuðnings áburðarsölu félagsins.

Áburðarverksmiðjan segir SS njóta opinberrar verndar vegna slátrunar og afurðasölu félagsins. Til að tryggja að áburðarsala SS, sem rekin er í samkeppni við aðra, sé ekki niðurgreidd er með vísan til 14. gr. samkeppnislaga farið fram á fjárhagslegan aðskilnað á verndaðri starfsemi SS og áburðarsölu félagsins.

##### **2.**

Máli sínu til stuðnings bendir Áburðarverksmiðjan á viðtal<sup>2</sup> við umsjónarmann áburðarsölu SS í Sunnlenska fréttablaðinu þar sem fram komi að félagið sé eitt um að gefa bændum kost á að greiða áburðarkaup með innleggi sláturgripa. Kvartandi álitur að ofangreint sýni vilja SS til misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Áburðarverksmiðjan segir bændur hafa tjáð fyrirtækinu að sölumenn SS hafi lofað að þeir kæmust frammar í sláturröð ef þeir keyptu áburð hjá félaginu. Það er álit kvartanda að SS hafi fyrst og fremst náð árangri í sölu áburðar þar sem félagið sé ráðandi í

<sup>1</sup> Fylgiskjal með erindinu.

<sup>2</sup> Fylgiskjal með erindinu.

slátrun. Bent er á að í Austur-Skaftafellssýslu hafi sláturmál verið erfið en slátrunartilboð SS til bænda þar hafi valdið söluaukningu SS á áburði á svæðinu. Ennfremur segir: „Með því að blanda saman áburðarpöntun og sláturpöntun er augljóslega verið að þvinga bændur til viðskipta með því að gefa til kynna að kaupir þeir ekki áburð af SS geti þeir lent aftarlega í sláturröðinni“. Áburðarverksmiðjan telur þetta þeim mun alvarlegra þar sem bændur eigi í mörgum tilvikum erfitt með að fá slátrun og bið eftir slátrun nautgripa hafi stundum verið löng. Slík bið hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir bændur. Áburðarverksmiðjan segir að fyrirtækinu hafi „...verið tjáð, að SS hafi haldið eftir greiðslum fyrir sláturgripi upp í áburðarkaup, án þess að viðkomandi bóndi hafi verið búinn að ákveða hvar hann hygðist kaupa áburð“. Bent er á að vegna stöðu SS á markaði sé ekki auðvelt að fá bændur til að tjá sig opinberlega um ofangreint.

### 3.

Í erindinu segir ennfremur: „Markaðsráðandi aðila er óheimilt að nýta sér þá stöðu sína til þess að ákvarða sér frekari ótengda hagsmuni, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 11/2000. Þannig er t.a.m. tekið fram í d. lið 11. gr. laganna að misnotkun á markaðsráðandi stöðu geti falist í því að setja “það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju“. Er fullljóst að háttsemi SS stríðir gegn tilgangi samkeppnislaga enda er hún til þess fallin að draga úr samkeppni á markaði fyrir áburðarsölu“. Í ljósi ofangreinds gerir Áburðarverksmiðjan eftirfarandi kröfur:

1. Að lagt verði bann við því að SS láti það hafa áhrif á fyrirgreiðslu sína við bændur með tilliti til slátrunar, hvaðan þeir sömu bændur kaupa áburð, og að SS verði bannað að gefa í skyn við bændur, beint eða óbeint, að áburðarkaup þeirra hafi þar áhrif.
2. Að lagt verði bann við því að SS stundi sameiginlega markaðssetningu á áburði og slátrun, hvort sem er í prentmiðlum, ljósvakamiðlum eða á heimasíðu.
3. Að SS verði gert að greiða stjórnvaldssekt vegna misnotkunar félagsins á markaðsráðandi stöðu sinni, sbr. 52. gr. laganna.
4. Að SS verði gert að lýsa yfir því opinberlega að ákvarðanir bænda um áburðarkaup muni engin áhrif hafa á hagsmuni þeirra með tilliti til slátrunar“.

### 4.

Til stuðnings kröfu sinni um fjárhagslegan aðskilnað milli sláturdeildar SS og áburðarsölu fyrirtækisins bendir Áburðarverksmiðjan á að SS njóti, sem sláturleyfishafi, opinbers stuðnings í formi jöfnunar á flutningskostnaði og styrkja frá markaðsráði kindakjöts, sbr. reglugerð nr. 598/2000<sup>3</sup>. Áburðarverksmiðjan telur ljóst

<sup>3</sup> Reglugerð nr. 598/2000, um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti.

að stjórnunarlegur aðskilnaður þurfi jafnframt að eiga sér stað milli áburðarsölu SS og þess rekstrar sem nýtur stuðnings og ekki sé fullnægjandi „...að skilið verði þannig á milli að tilteknir starfsmenn sinni áburðarsölu en aðrir slátrun eða afurðasölu. Tryggja verður að sú starfsemi SS, sem nýtur beinna eða óbeinna styrkja, niðurgreiði ekki húsnæði, símsvörun, bókhald og skylda þætti fyrir áburðarsöluna. Þá verður að tryggja að þeir sem taka ákvörðun um slátrun hafi ekki upplýsingar um áburðarkaup einstakra bænda, til þess að bændur þurfi ekki að óttast að aðgangur þeirra að slátrun sé verri en ella, kjósi þeir að kaupa áburð sinn annars staðar en hjá SS“.

## 5.

Auk ofangreinds krefst Áburðarverksmiðjan þess „...að SS verði meinað að taka við innleggi á afurðum sem greiðslu fyrir áburð, enda er SS þar að nýta markaðsráðandi (og verndaða) stöðu sína í slátrun afurða til að skapa sér ávinning í þeirri óskyldu starfsemi sem áburðarsala er“.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Ofangreint erindi var sent SS til umsagnar með bréfi, dags. 31. október 2002. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um hvort og/eða hvernig SS tengir saman, í markaðsstarfi eða á annan hátt, sölu eða úttekt áburðar og afurðaviðskipti. Auk þessa var óskað eftir upplýsingum um hvort hjá félaginu eigi sér stað samnýting í mannahaldi, flutningum, tækjum, húsnæði eða öðru vegna áburðarviðskipta og viðskipta sem tengjast slátrun og afurðasölu félagsins.

Umsögn SS, ásamt fylgiskj., barst með bréfi, dags. 28. nóvember 2002. Óskað var trúnaðar um tilteknar upplýsingar í umsögninni. Umsögn SS fjallar í fyrsta lagi um markaðinn fyrir slátrun á búfé og markaðsstöðu fyrirtækisins á þeim markaði. SS segir kvartanda ekki hafa fært nein rök fyrir því að félagið sé í markaðsráðandi stöðu á Suður- og Vesturlandi á markaði fyrir slátrun. SS vísar til 2. mgr. 6. gr. reglna nr. 922/2001, um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda, og fer fram á að Samkeppnisstofnun beini því til kvartanda að skilgreina og rökstyðja landfræðilega markaðsskilgreiningu sína. SS er ekki sammála kvartanda að um sé að ræða landfræðilega skiptingu markaðar fyrir slátrun á búfé. Fyrirtækið bendir á að fjölmörg dæmi séu um að sauðfé og nautgripir séu fluttir á milli landsfjórðunga til slátrunar og því sé nærtækara að skilgreina landið allt sem einn markað. Hlutdeild SS á markaði fyrir búfjárslátrun á landinu öllu hafi verið óveruleg eða um [...] <sup>4</sup> fyrir slátrun á sauðfé

---

<sup>4</sup> Trúnaðarmál

og nautgripum árið 2001<sup>5</sup> og félagið geti því ekki talist vera í markaðsráðandi stöðu. Þess utan geti SS ekki tekið viðskiptalegar ákvarðanir svo sem um verð, skilmála eða þjónustu án tillits til annarra sláturhúsa, neytenda og bænda. Með tilliti til ofangreinds álitur SS að hafna eigi kröfum kvartanda um beitingu 11. gr. samkeppnislaga í þessu málinu. Bent er á að kvörtun Áburðarverksmiðjunnar varði og markað fyrir sölu á áburði og þar sé markaðshlutdeild félagsins um [...] <sup>6</sup>. Kvartandi sé hinsvegar með um 55% hlutdeild á þeim markaði. Önnur fyrirtæki, svo sem kaupfélög og sölusamtök, hafi þar minni markaðshlutdeild.

Í öðru lagi fjallar SS um meinta samtvinnun áburðarsölu og búfjárslátrunar. SS segir þau dæmi sem Áburðarverksmiðjan nefnir máli sínu til stuðnings byggð á misskilningi, þ.e. að: „(a) að SS hafi sent bændum auglýsingar um áburðarsölu ásamt sameiginlegu eyðublaði fyrir áburðarpöntun og slátrun, (b) sölumenn SS hafi lofað bændum að komast frammar í sláturröð gegn því að þeir kaupi áburð frá SS, og (c) að SS haldi eftir greiðslum fyrir sláturgripi upp í áburðarkaup án þess að viðkomandi bóndi hafi verið búinn að ákveða hvar hann hygðist kaupa áburð“. Hvað varðar umrætt eyðublað þá sé aðeins um að ræða áburðarpöntunarblað. Sláturpöntun fari hins vegar fram með beinu sambandi bænda við sláturhús. Ekki sé í því sambandi um neina samtvinnun áburðarsölu og búfjárslátrunar. Á áburðarpöntunarblaðinu komi fram að bændur hafi val um hvernig þeir greiði fyrir keyptan áburð; (a) með staðgreiðslu, (b) með reikningsfærðum gjaldfresti, (c) með útgáfu skuldabréfs, og (d) með inneign á afurðareikningi og/eða innleggi afurða. Hvað síðastnefnda valkostinn varði þá gefi SS viðskiptavinum sínum kost á að skuldajafna við inneign á viðskiptareikningi eða greiða fyrir áburðarkaup með afurðasölu. SS álitur að hér sé um að ræða rétt bænda sem leiðir af almennum reglum um skuldajöfnun þar sem um sé að ræða gagnstæðar fjárkröfur sem séu hæfar til að mætast. Fyrirtækið segir jafnframt: „Óhugsandi er að halda því fram að með þessu sé gefið til kynna að kaupri bændur ekki áburð af SS eigi þeir á hættu að lenda aftarlega í sláturröðinni, eins og það er orðað í kvörtun Áburðarverksmiðjunnar hf.“.

SS vísar á bug ásökunum sem fram koma í erindinu um að félagið beiti bændur þvingunum og/eða mismuni þeim. SS segir að það hafi hvorki látið það hafa áhrif á fyrirgreiðslu sína við bændur, hvað varðar slátrun, hvar þeir kaupi áburð né gefið í skyn beint eða óbeint að áburðarkaup hafi þar áhrif. Fullyrðingar kvartanda tengdar söluaukningu SS í áburði í Austur-Skaftafellssýslu segir félagið að séu rangar og fái ekki staðist. SS hafi ekki gert bændum neitt tilboð í slátrun á umræddu tímabili. Góðan árangur í áburðarsölu á svæðinu megi þakka gæðum vörunnar og þjónustu við bændur. SS bendir á að „...[...]“<sup>7</sup> SS segist ekki stunda sameiginlega markaðssetningu á áburði og slátrun hvorki í prentmiðlum, ljósvakamiðlum né á heimasíðu félagsins.

<sup>5</sup> Skv. tölum frá Bændasamtökum Íslands

<sup>6</sup> Trúnaðarmál.

<sup>7</sup> Trúnaðarmál.

Upplýst er að SS sé samvinnufélag einkum í eigu búvöruframleiðenda og fyrirtækið sem slíkt hafi alltaf lagt áherslu á að gæta jafnræðis í viðskiptum við bændur þannig að enginn njóti sérmeðferðar í samskiptum við félagið. SS segir með vísan til ofangreinds að hvorki ákvæði d-liðar 11. gr. samkeppnislaga né forsendur sem lágu til grundvallar úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 11/2000 eigi við í þessu máli.

Í þriðja lagi fjallar SS um kröfu Áburðarverksmiðjunnar um fjárhagslegan aðskilnað. SS segist ekki njóta styrkja eða þeirrar stöðu sem áskilin sé til að beitt verði ákvæðum 14. gr. samkeppnislaga um fjárhagslegan og/eða stjórnunarlegan aðskilnað milli sláturdeildar og áburðarsölu félagsins. SS vísar til 1. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (búvörulaga), þar sem mælt er fyrir um innheimtu verðmiðlunargjalds á heildsölustigi af afurðum og hvernig því skuli varið. Jafnframt vísar SS til reglugerðar nr. 598/2000, um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti. SS segir að skipting árlegra tekna af verðmiðlunargjaldi fari „...þannig fram að markaðsráð kindakjöts, sem er samstarfsvettvangur bænda og sláturleyfishafa, gerir tillögu til landbúnaðarráðherra um skiptingu milli eftirtalinna verkefna: (a) markaðs- og kynningarstarfsemi, (b) jöfnunar á flutningskostnaði kindakjöts, og (c) jöfnunar á flutningskostnaði á sláturfé“. SS upplýsir að félagið hafi bæði innheimt og fengið greiðslur skv. lögum og reglum um verðmiðlunargjald. Greiðslurnar sem félagið hafi fengið hafi í fyrsta lagi verið til jöfnunar á flutningskostnaði kindakjöts og í öðru lagi vegna markaðsstarfs í tengslum við sölu á kindakjöti. Bent er á að greiðslur vegna markaðsstarfs séu aðeins greiddar til verkefna sem nýtast öllum afurðastöðvum óháð legu og stærð<sup>8</sup> og ekki sé unnt að ráðstafa þeim til kynningar eða markaðssetningar á áburði. SS segir áburðarsölu félagsins ekki vera niðurgreidda af opinberu fé. Félagið bendir á að „[...]“<sup>9</sup>. SS vill „...að fram komi afdráttarlaust að beingreiðslum frá hinu opinbera er ekki varið til greiðslu í þann sjóð sem samanstendur af verðmiðlunargjöldum“. Jafnframt leggur SS áherslu á að verðmyndun á markaði fyrir búfjárslátrun sé frjáls og ráðist af lögmálum markaðarins og ekki verði annað séð en á þeim markaði ríki virk samkeppni milli sláturleyfishafa án opinberra afskipta. Bent er á að sláturleyfishafar séu fjölmargir um land allt og þar á meðal kaupfélög.

SS vísar í nefndaálit<sup>10</sup> efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem fram kom í umfjöllun þingsins um frumvarp það sem síðar varð að samkeppnislögum nr. 8/1993. „Lagt er til að 14. gr. verði breytt þannig að nýju ákvæði verði bætt við í þeim tilgangi að styrkja samkeppni, einkum þar sem yfirburðastaða er í skjóli ríkisvalds“. SS segir: „Samkvæmt þessu er það ótvíræður vilji löggjafans að 14. gr. samkeppnislaga verði ekki beitt nema samkeppni sé alvarlega raskað, sbr. hugtakið

<sup>8</sup> Verklagsreglur Markaðsráðs kindakjöts fylgdu með bréfi SS.

<sup>9</sup> Trúnaðarmál.

<sup>10</sup> 348. nefndarálit, 116. löggjafarþing, 9. mál.

yfirburðarstaða, vegna einkaleyfis eða opinberrar verndar. Sú aðstaða er einfaldlega ekki fyrir hendi í máli þessu. SS nýtur hvorki yfirburðarstöðu á markaði fyrir áburðarsölu né á markaði fyrir slátrun búffjár. Ennfremur er óhjákvæmilegt að horfa til þess að [...] <sup>11</sup>. Þá er ljóst vegna þeirra ströngu skilyrða sem slík framlög eru háð að þeim verður ekki varið til niðurgreiðslna við áburðarsölu“. Með vísan til ofangreinds álitur SS að hafna beri kröfu Áburðarverkmiðjunnar um beitingu 14. gr. samkeppnislaga í þessu máli. SS bendir á að komi það til álita þá beri samkeppnisyfirvöldum að taka mið af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 38/1997 <sup>12</sup>. SS telur ennfremur vafasamt að fyrrnefnt ákvæði stjórnsýslulaga heimili beitingu 14. gr. samkeppnislaga í þessu máli vegna þess hve íþyngjandi sú ákvörðun væri að gera félaginu að skilja, frekar en þegar sé gert, fjárhagslega og stjórnunarlega milli deilda félagsins.

SS upplýsir að félagið tengi hvorki í markaðsstarfi né á annan hátt, sölu eða úttekt áburðar og afurðaviðskipti. SS segir að „...samnýting starfsfólks og annarra verðmæta milli afurðakaupa/sölu annars vegar og áburðarviðskipta hins vegar mjög óveruleg“. Þetta er „...þó upplýst með þeim fyrirvara sem áður greinir, að bændum er gefinn kostur á að greiða fyrir áburð með skuldajöfnun við inneign á afurðareikningi hjá SS eða með innlögn búffjár, sbr. fylgiskjal nr. 1 með kvörtun Áburðarverksmiðjunnar hf. Að öðru leyti er samtvinnun engin“. Upplýst er að áburðarsalan sé rekin í sérstakri deild sem gerð sé upp sérstaklega. Deildin hefur aðsetur í höfðustöðvum félagsins og eru starfsmenn tveir. Jafnframt segir: „[...]“ <sup>13</sup>. Upplýst er að sölumenn áburðar úti á landi og flytjendur starfi allir sem verktakar. Bent er á að bændur sem vilji leggja inn búfé til slátrunar og kaupi jafnframt áburð af fyrirtækinu þurfi því að hafa samskipti við mismunandi starfsmenn innan fyrirtækisins vegna viðskiptanna.

Í lok bréfsins kemur fram að það sé „...brýn nauðsyn, vilji svo ólíklega til að samkeppnisyfirvöld íhugi að beita íhlutunarheimildum sínum í máli þessu, að félagið fái frekari kost á andmæla þeim sjónarmiðum sem munu liggja slíkri ákvörðun til grundvallar. Áður en til íhlutunar kemur er því nauðsynlegt að Samkeppnisstofnun birti frumathugun, sbr. til hliðsjónar fyrirmæli 16. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfivalda nr. 922/2001, eða geri með sambærilegum hætti grein fyrir frumniðurstöðum sínum, sem SS gæfist síðan kostur á að gera athugasemdir við“.

## 2.

Umsögn SS var send Áburðarverksmiðjunni með bréfi, dags. 29. nóvember sl. Athugasemdir Áburðarverksmiðjunnar bárust Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 20. desember sl., ásamt fylgiskj.

<sup>11</sup> Trúnaðarmál.

<sup>12</sup> Ákvörðun nr. 38/1997, Erindi félags garðplöntuframleiðenda um skógræktarfélag Eyfirðinga.

<sup>13</sup> Trúnaðarmál.

Í bréfinu er m.a. áréttað að markaðurinn sem um ræðir í þessu máli sé Suður- og Vesturland því þar sé SS markaðsráðandi í slátrun á búfé. Markaðshlutdeild slátruhúsa sé staðbundin og skv. upplýsingum Bændasamtakanna sé markaðshlutdeild SS á Suður- og Vesturlandi í slátrun á sauðfé, nautgripum og hrossum um 75%<sup>14</sup>. Bent er á að það sé vegna ræktunar á þessu búfé sem bændur kaupi áburð. Jafnframt er vísað til atriða eins og flutningskostnaðar og varna gegn smitsjúkdómum í búfé sem valdi því að flutningur á búfé langar leiðir sé m.a. óhagkvæmur kostur.

Áburðarverksmiðjan ítrekar það álit sitt að á áburðarpöntunarblaði SS komi fram samtvinnun áburðarkaupa og slátrunar og segir að í þeirri samtvinnun felist misnotkun á markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir slátrun og sölu afurða. Samtvinnunin sé til þess fallin „...að útiloka keppinauta og fækka valkostum neytenda<sup>15</sup>. Hefur þetta þeim mun alvarlegri áhrif þar sem Áburðarverksmiðjan hf. getur ekki boðið þjónustu við slátrun og sölu afurða og hefur því engin tök á að verja hag sinn“. Áburðarverksmiðjan bendir á að á eyðublaðinu þurfi bændur að undirrita staðfestingu um innlögð á búfé og ekki verði „...annað séð en að þarna gefi bændur loforð um að leggja afurðir inn til slátrunar hjá SS, sem SS væri heimilt lögum samkvæmt að halda upp á viðkomandi bændur ef þeir efndu það ekki“. Ekki verði því „...séð að hér sé einvörðungu um að ræða eyðublað fyrir áburðarpöntun“. Það álit kemur fram að samkeppnisyfirvöldum beri að krefjast þess að SS taki texta sem tvinnar saman áburðarkaup og slátrun út úr öllum skjölum sem notuð eru í viðskiptum félagsins við bændur.

Áburðarverksmiðjan áréttar í bréfinu fyrri umfjöllun um að bændum hafi verið lofað að komast frammar í sláturröð ef þeir keyptu jafnframt áburð af SS. Áburðarverksmiðjan segir þessi loforð ekki hafa verið gefin skriflega og vísa til 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og fer þess á leit við Samkeppnisstofnun að hún kanni málið. Ennfremur segir: “Án tillits til þess hvort brot af þessu tagi verða upplýst eða ekki, er eftir sem áður nauðsynlegt að tryggja að samtvinnun geti ekki átt sér stað. Ávallt er fyrir hendi hættan á því að bændur þori ekki annað en að kaupa áburð frá SS ef það mætti verða til þess að tryggja betur hagsmuni þeirra á sviði slátrunar og sölu afurða. Sameiginleg markaðssetning á áburði og slátrun hefur þvingunaráhrif í för með sér, hvort sem nokkur hótun er sett fram berum orðum eður ei. Þar við bætist að umtalsverð hættan er á að starfsmenn SS nýti stöðu sína á markaði fyrir slátrun og sölu afurða til að áskilja sér ólögmetta hagsmuni á sviði áburðarsölu, vegna markaðsyfirráða fyrirtækisins. Ber samkeppnisyfirvöldum því ávallt að tryggja að slík misbeiting geti ekki átt sér stað“. Áburðarverksmiðjan segir að á heimasíðu SS sé á

<sup>14</sup> Með bérinu fylgdi skjal um framleiðslu eftir slátruleyfishöfum árið 2001 sem Áburðarverksmiðjan vann upp úr upplýsingum á heimasíðu Bændasamtakanna.

<sup>15</sup> Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1997, Tilboð Pósts og síma hf. á farsímum og farsímaþjónustu til félaga í FÍB.

sömu slóð að finna markaðssetningu á áburði, slátrun og sölu afurða og telur að þetta staðfesti að um sameiginlega markaðssetningu sé að ræða.

Hvað varðar umfjöllun um skuldajöfnun segir Áburðarverksmiðjan að rangt sé „...að heimild til þess að skuldajafna kröfum vegna afurðasölu annars vegar og áburðarkaupna hins vegar, verði leidd af almennum reglum um skuldajöfnun. Slikar kröfur eru ekki samrættar og þarf SS því ávallt skriflegan samning til þess að mega skuldajafna kröfum“. Áburðarverksmiðjan álitur að þó svo að samkeppnisyfirvöld teldu að það eina sem tengdi áburðarsölu og slátrun og sölu afurða væri umrædd skuldajöfnun þá væri það samt sem áður misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Það er mat fyrirtækisins að með því að gefa bændum kost á slíku sé verið að nýta opinbera vernd, sem veitt er í tengslum við slátrun og sölu afurða til að auðvelda bændum áburðarkaup. Áburðarverksmiðjunni sé ómögulegt að bjóða bændum slík kjör enda njóti fyrirtækið ekki opinberrar verndar.

Varðandi skrif SS um áburðarsölu félagsins í Austur-Skaftafellssýslu segir Áburðarverksmiðjan m.a. „... áburður SS stendur bændum á öðrum stöðum á landinu til boða og því ætti eftirspurn að hafa aukist að sama skapi þar. Það hefur hins vegar ekki gerst og er eina haldbæra skýringin á því að þar hefur SS ekki gert bændum sambærileg tilboð í slátrun“.

Áburðarverksmiðjan segir að sú fullyrðing að SS njóti ekki opinberrar verndar í skilningi samkeppnislaga fái ekki staðist. Áburðarverksmiðjan bendir á greiðslur sem SS fær úr verðmiðlunarsjóði. Jafnframt að beingreiðslur ríkisins til bænda auk annarra greiðslna úr ríkissjóði til þeirra<sup>16</sup> valdi því að SS þurfi að greiða bændum lægra verð fyrir afurðir. Áburðarverksmiðjan segir þessar greiðslur úr ríkissjóði lækka rekstrarkostnað og bæta þar með afkomu SS. „Öll þessi opinbera fyrirgreiðsla leiðir til rekstrarbata sem SS getur óhikað nýtt til að niðurgreiða samkeppnisrekstur sinn við sölu áburðar. Fær það því engan veginn staðist að SS njóti ekki opinberrar verndar í skilningi 14. gr. samkeppnislaga, enda á fyrirtækið tilveru sína beinlínis undir opinberum stuðningi. SS starfar því óumdeilt í skjóli opinberrar verndar í skilningi 14. gr. samkeppnislaga“. Tulkun SS á 14. gr. samkeppnislaga segir Áburðarverksmiðjan að helst megi „...skilja þannig að samkeppnisrekstur megi niðurgreiða með opinberu fé, svo lengi sem fyrirtæki nýtur ekki “yfirburðastöðu” vegna þessarar niðurgreiðslu. Slíkur málátilbúnaður fær engan veginn staðist, enda mættu fyrirtæki í samkeppnisrekstri þá njóta umtalsverðra styrkja svo lengi sem þeir færðu þeim ekki yfirburðastöðu. Ber að túlka 14. gr. samkvæmt orðalagi hennar, þ.e. hún tekur til fyrirtækja “sem starfa að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar““. Ennfremur er bent á að upplýsingar SS um óverulega samnýtingu á milli

<sup>16</sup> Sbr. reglugerð nr. 19/2001, um greiðslumark sauðfjár á lögbyllum, beingreiðslur, uppkaupaálag og jöfnunargreiðslur 2001-2007.



afurða- og áburðardeildar félagsins bendi til þess að það geti vart talist íþyngjandi að skilja rekstrareiningarnar að fjárhagslega.

### 3.

Athugasemdir Áburðarverksmiðjunnar voru sendar SS með bréfi, dags. 10. janúar sl. Samkeppnisstofnun barst athugasemdabréf, dags. 14. febrúar sl. frá SS.

SS fjallar í bréfinu frekar um markaðsskilgreiningu fyrir búfjárslátrun og segir skilgreiningu markaðar út frá því svæði sem viðskiptavinir komi frá byggða á misskilningi „...enda verður landfræðilegi samkeppnismarkaðurinn afmarkaður við sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu“. SS fellst á það að flutningskostnaður sé eitt þeirra atriða sem geti haft áhrif á það hvort bændur flytji búfé milli landsfjórðunga til slátrunar. Bent er á að flutningskostnaður sé þó ekki svo verulegur að það útiloki slíka flutninga. Nefnd eru ýmis dæmi um flutninga sem eigi sér stað til annarra sláturhúsa en þeirra sem næst liggja búum bænda. SS viðurkennir að málum sé þó þannig háttað „...að ef bændur eru sáttir við afurðafélag í sinni sveit og það er fjárhagslega traust þá eru ákveðnar líkur fyrir að þeir skipti við það félag. Ef á hinn bóginn sú staða kemur upp að biðlistar myndast eftir slátrun á ákveðnum svæðum, bændur eru ósáttir við sláturleyfishafa, sláturhús er lagt niður eða afurðastöð er fjárhagslega veikburða, þá er þeim hægt leikur að flytja viðskipti sín annað“. SS segir afkomu sláturleyfishafa almennt hafa verið slaka vegna mikillar samkeppni í slátrun og fullyrðir að bændur flytji viðskipti sín annað telji þeir sig ekki fá nægilega hátt verð eða séu óánægðir með þjónustuna. Þannig megi segja að á markaðnum sé verulegur kaupendastyrkur sem veiti stórum sláturleyfishöfum aðhald. Bent er á að sama megi segja um varnir gegn smitsjúkdómum í búfénaði og flutningskostnað, þær geti haft „...ein hver áhrif á landfræðilega skiptingu markaðarins fyrir slátrun búfjár“. Þó telur SS að þessi atriði skjóti „...ekki stöðum undir sjónarmið kvartanda að Suður- og Vesturland skuli talin sérstakur markaður í skilningi samkeppnislaga“. SS bætir við „... að fyrir bændur á Suðurlandi kann að vera allt eins nærtækt að leggja fé inn til slátrunar á Austurlandi og að leggja það inn í sláturhús á Vesturlandi. Er því ekki augljóst að Vestur- og Suðurland séu sérstakur markaður en Suður- og Austurland (eða Vestur- og Norðurland ef því er að skipta) ekki. Í ljósi þessa er það mat SS að enn hafi ekki verið færð fram rök sem skjóta fullnægjandi stöðum undir þá markaðsskilgreiningu sem fram er sett í erindi kvartanda“.

Hvað varðar ásökun kvartanda um meinta ólögmeða samtvinnun leggur SS áherslu á að slík háttsemi geti aðeins verið til staðar ef kaup á vöru eða þjónustu B eru gerð að skilyrði fyrir sölu á vöru eða þjónustu A. Annan skilning sé ekki hægt að leggja í hvorki ákvæði d-liðar 2. mgr. 11 gr. samkeppnislaga né þeirrar afstöðu sem fram

hefur komið í nokkrum ákvörðunum samkeppnisráðs<sup>17</sup>. SS vísar máli sínu til stuðnings til m.a. EES samningsins<sup>18</sup>, fræðirita í evrópurétti<sup>19</sup>, dóms Evrópudómstólsins<sup>20</sup> og dóms undirréttar Evrópudómstólsins<sup>21</sup> og segir að til þess að um ólögmeta samtönnun sé ræða þá þurfi samkvæmt öllu fyrrnefndu „...markaðsráðandi stöðu að vera beitt þannig að viðsemjandi markaðsráðandi fyrirtækis sé beittur þvingunum til að kaupa vöru eða þjónustu í tengslum við óskyld kaup“. Ekkert slíkt sé um að ræða í þessu máli. Bændur hafi eins og fram kemur á áburðarpöntunarblaðinu val um greiðslumáta. Velji bóndi annan greiðslumáta en staðgreiðslu þá eru greiddir vextir. Bent er á að ekki sé um sameiginlega markaðssetningu á áburði og slátrun að ræða á umræddur pöntunarblaði heldur aðeins heimild til handa bændum að greiða fyrir áburð með innleggi afurða. Lögð er áhersla á að ekki hafi verið færð fyrir því nokkur rök að SS beiti bændur þvingunum vegna áburðarkaupa og ekkert bendi til annars en að bændum sé fullkomlega frjálst að kaupa áburð annar staðar án áhrifa á afurðaviðskipti þeirra við SS. Það er álit SS að skilyrði bresti til þess að taka til greina kröfur kvartanda sem grundvallast á því að brotið hafi verið gegn 11. gr. samkeppnislaga. SS bendir á að markaðsráðandi staða sé ekki bönnuð aðeins misbeiting hennar. SS segir þann málflutning kvartanda að samkeppnisyfírvöldum beri ávallt að tryggja að slík misbeiting geti ekki átt sér stað „...grundvallast á þeim misskilningi að samkeppnisyfírvöldum sé heimilt, og jafnvel skylt, að hlutast til um hegðun fyrirtækis vegna markaðsráðandi stöðu þess án tillits til hvort þeirri stöðu hafi veri misbeitt eða ekki“.

Hvað varðar skuldajöfnun bendir SS á að helstu skilyrði þess að aðili skuldasambands geti krafist skuldajafnaðar séu „... (a) að kröfurnar séu gagnkvæmar, (b) að kröfurnar séu sambærilegar, (c) að kröfurnar séu hvað greiðslutíma snertir hæfar til að mæstast, (d) að gagnkrafan sé gild krafa og (e) að gagnkrafan sé að meginstefnu til skýr og ótvíæð<sup>22</sup>“. Félagið segir öll ofangreind skilyrði til skuldajöfnunar séu uppfyllt af hálfu SS í því máli sem hér sé til umfjöllunar.

SS upplýsir veltu afurðadeildar (þ.e. slátrun) og áburðarsöludeildar félagsins<sup>23</sup> fyrir 2002 og segir að í markaðslegu tilliti væri óráðlegt af félaginu að hætta viðskiptum

<sup>17</sup> Ákvörðun nr. 41/1997, Tilboð Pósts og síma hf. á farsímum og farsímaþjónustu til félaga í FÍB; ákvörðun nr. 45/1999, Sölusynjun Daníels Ólafssonar hf. á íblöndunarefni til brauðgerðar til Nýbraus ehf.; ákvörðun nr. 28/2000, kvörtun Neytendasamtakanna yfir samtönnun Knattspyrnusambands Íslands við sölu á aðgöngumiðum að tveimur landsleikjum í knattspyrnu.

<sup>18</sup> 82. gr. Rómarsamningsins og 54. gr. EES samningsins, sbr. lög nr. 2/1993.

<sup>19</sup> Faull & Nikpay: The EC Law of Competition. Oxford University Press. New York 1999, Málsgrein 3. 195, bls. 165; Jones & Sufrin: EC Competition Law – Text, Cases and Materials. Oxford University Press. New York 2001. Bls. 3368; Bellamy & Child: Community Law of Competition (5.úrtg.). Sweet & Maxwell. London 2001. Málsgrein 9.111, bls. 747.

<sup>20</sup> Tetra Pak International SA gegn framkvæmdastjórninni (mál C-333/94P)

<sup>20</sup> Hilti gegn framkvæmdastjórninni (mál T-30/89)

<sup>22</sup> Sjá Þorgeir Örlygsson: Skuldajöfnuður. Úlfjótur 1997, bls 360 o.áfr.

<sup>23</sup> Trúnaðarmál.

sínum og góðu sambandi við bændur á sviði búfjárslátrunar með misbeitingu á markaðsráðandi stöðu til að tryggja miklu minni hagsmuni á sviði áburðarsölu.

Vegna skrifta Áburðarverksmiðjunnar um aukningu í áburðarsölu SS í Austur-Skaftafellssýslu ítrekar félagið að aukningin eigi sér eðlilegar skýringar. Meðal annars er bent á að ráðinn hafi verið sérstakur ráðgjafi til að annast sölu á því svæði. Umræddur ráðgjafi hafi áður verið búráðunautur á svæðinu og því vel kynntur og kunnugur aðstæðum þar.

SS vísar til fyrri skrifta félagsins um beitingu 14. gr. samkeppnislaga í þessu máli en kemur auk þess með nokkrar athugasemdir er lúta að skrifum kvartanda og beitingu þessarar greinar laganna. Bent er á að misskilnings virðist gæta hjá kvartanda varðandi verðmiðlunargjaldtöku. SS vísar til 1. mgr. 19. gr. búvörulaga nr. 99/1993, og 1. gr. reglugerðar nr. 598/2000, um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti og segir engan vafa vera „...um eðli gjaldtökkunnar eða það á hvern hún leggst“. Ekki verði „...séð að gjaldtakan eigi nokkuð skylt með virðisaukaskatti eða að henni verði jafnað við slíkar álögur“. SS segir ljóst að lagalegur tilgangur og markmið beingreiðslna til bænda sé ekki sá að styrkja sláturleyfishafa eða að tryggja þeim opinbera vernd. Jafnframt segir: „Þessu til viðbótar er óhjákvæmilegt að benda á að beingreiðslum til bænda verður vart, eðli málsins samkvæmt, jafnað við „opinbert einkaleyfi“ eða „opinbera vernd“ sláturleyfishafa í skilningi 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Svo rúmri túlkun sér hvergi stað í ákvörðunum eða úrskurðum samkeppnisyfirvalda“.

#### 4.

Með bréfi, dags. 13. mars sl. var Áburðarverksmiðjunni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við bréf SS frá 14. febrúar sl. Samkeppnisstofnun barst bréf, dags. 4. apríl sl., frá Áburðarverksmiðjunni.

Áburðarverksmiðjan vísar í bréfi sínu til erindisins og ítrekar fyrri athugasemdir fyrirtækisins um markaðsstöðu SS, meinta misnotkun SS á markaðsráðandi stöðu og kröfu um fjárhagslegan aðskilnað áburðarsölu SS frá sláturstarfsemi félagsins. Áburðarverksmiðjan telur fullyrðingar SS um að bændur flytji sláturviðskipti sín annað séu þeir óánægðir ekki standast. Bent er á að bændur á Vestur- og Suðurlandi geti ekki flutt viðskipti sín annað án verulegs tilkostnaðar og þar af leiðandi sé ekki um það að ræða í þeim landshluta að kaupendastyrkur veiti sláturleyfishöfum aðhald. Áburðarverksmiðjan tekur undir með SS að fjárhagsleg staða flestra sláturleyfishafa sé veik en bendir á að í ársreikningi félagsins fyrir árið 2002 megi sjá að staða þess sé sterk þar sem eigið fé félagsins sé um 1.200 milljónir króna. Áburðarverksmiðjan telur þetta auka enn á markaðsyfirráð félagsins.

Áburðarverksmiðjan ítrekar að bændur hafi átt þess kost að komast frammar í slátturröð með því að kaupa áburð af SS og telur að því megi jafna við samvinnun eins og hugtakið hafi verið skilið í samkeppnisrétti. Í þessu sambandi bendir Áburðarverksmiðjan á að í 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga séu talin upp tilvik í dæmaskyni en orðalag ákvæðisins sé þannig að tilvikin séu ekki tæmandi. Áburðarverksmiðjan segir það ekki rétt sem fram komi hjá SS að greiðslumöguleiki sá sem fjallað sé um í erindinu beri vexti og segist „...þekkja dæmi þess að bændur hafi ekki þurft að greiða vexti frá þeim tíma sem þeir voru tilbúnir að afhenda gripi sína til sláttunar“. Jafnframt segir: „Með því móti færa viðkomandi bændur sig frammar í slátturröðinni“. Ítrekað er að í skjóli opinberrar verndar sé SS í aðstöðu til að veita vaxtalaus lán. Áburðarverksmiðjan gerir enn og aftur söluaukningu SS á áburði í Austur- Skaftafellssýslu að umræðuefni og ítrekar sína fyrri ályktun að söluaukningin stafi fyrst og fremst af því að bændum hafi verið gert tilboð í sláttun og segir sölumann SS ekki hafa náð sama árangri hjá bændum í sýslunni sem ekki bauðst umrætt tilboð.

Áburðarverksmiðjan vísar til ofangreinds og fyrri skrifa og áréttar að SS nýti sér slátturstarfsemina, sem nýtur opinberar verndar, til að niðurgreiða samkeppnisrekstur á sviði áburðarsölu. Þannig afli SS sér forskot á keppinaut sinn í áburðarsölu og fari það í berhögg við 14. gr. samkeppnislaga. Varðandi skrif SS um beingreiðslur segir Áburðarverksmiðjan að kjarni málsins sé sá að hið opinbera styður framleiðslu og sölu kindakjöts. Ef þess stuðnings nyti ekki við myndi SS ekki njóta þess hagnaðar sem það býr við í sláttun.

## 5.

Með bréfi, dags. 23. apríl sl., var SS gefinn kostur á að tjá sig um athugasemdarbréf Áburðarverksmiðjunnar frá 4. apríl sl. Með vísan til 1. mgr. 79. gr. búvörulaga nr. 99/1993 var jafnframt óskað eftir gögnum sem sýndu fram á aðgreiningu rekstrareininga SS í samræmi við 76. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Bréf, dags. 30. maí sl., barst frá SS, ásamt fylgiskj.

SS ítrekar í bréfinu þau sjónarmið og mótmæli sem áður hafa komið fram í skrifum félagsins um erindið og umfjöllun Áburðarverksmiðjunnar þar að lútandi. Vegna skrifa Áburðarverksmiðjunnar um söluaukningu félagsins í Austur- Skaftafellssýslu bendir SS á að félagið hafi í áburðarsölu náð verulegum árangri og umtalsverðri markaðshlutdeild á öðrum svæðum, Vestfjörðum og Vopnafirði, þar sem félagið hefur enga sláttun.

Varðandi 76. gr. búvörulaga, nr. 99/1993, þar sem aðilum sem jafnframt afurðastöð hafa með höndum annan rekstur er gert að „...halda bókhaldi og fjárreiðum afurðastöðvarinnar aðgreindum frá öðrum rekstri“ segir SS að samandregin

rekstrarreikningur<sup>24</sup> áburðardeildarinnar, staðfestur af endurskoðanda SS, sem fylgdi með bréfi félagsins staðfesti að uppfyllt séu skilyrði lagagreinarinnar. Jafnframt segir: „*Þar sem sú grein felur í sér sérreglu gagnvart samkeppnislögum nr. 8/1993 brestur skilyrði fyrir því að samkeppnisráð mæli fyrir um fjárhagslegan aðskilnað rekstrareininga SS á grundvelli 14. gr. samkeppnislaga, sbr. til hliðsjónar úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 7. apríl 2003 í máli nr. 1/2003 Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., vilji svo ólíklega til að ráðið telji tilefni til að beita þeirri grein*“.

Áburðarverksmiðjunni var með bréfi, dags. 4. júní sl., sent bréf SS frá 30. maí sl. til upplýsinga.

### III.

#### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs þann 7. nóvember 2003 var ákvörðun tekin í máli þessu þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

#### 1.

##### Sjónarmið aðila

Erindi Áburðarverksmiðjunnar sem hér er til umfjöllunar lýtur í meginatriðum að því að Sláturfélag Suðurlands misnoti markaðsráðandi stöðu sína á markaði fyrir slátrun á búfé á Suður- og Vesturlandi til stuðnings áburðarsölu félagsins. Sem rök fyrir kvörtun sinni bendir Áburðarverksmiðjan m.a. á það að á pöntunarblaði fyrir áburð hjá SS sé einn af fjórum greiðslumöguleikum sá að áburðarkaup séu reikningsfærð þannig að greitt sé með inneign af afurðareikningi og/eða innileggi afurða. Jafnframt segir kvartandi í erindinu að SS nýti viðskiptahagsmuni bænda varðandi slátrun á búfé til að laða bændur til kaupa á áburði hjá félaginu og vísar þar að lútandi til Austur-Skaftafellssýslu. Kvartandi rökstyður þetta ekki frekar en segir bændur vera í þeirri stöðu gagnvart SS að geta ekki greint frá þessum viðskiptaháttum opinberlega. Áburðarverksmiðjan telur að í ofangreindu felist samtvinnun á óskildum viðskiptum, slátrun og áburðarkaupum, sem sé í andstöðu við samkeppnislög og til þess fallin að draga úr samkeppni. Í ljósi þessa krefst kvartandi þess að SS verði bannað að viðhafa nokkra samtvinnun slátrunar og áburðarsölu í viðskiptum sínum við bændur. Jafnframt verði lagt bann við sameiginlegri markaðssetningu slátrunar og áburðar í hverju formi sem hún birtist á vegum SS. Þess utan er þess krafist að SS verði gert að greiða stjórnvaldssektir vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Kvartandi segir sláturstarfsemi SS njóta opinbers stuðnings og með vísan til 14. gr. samkeppnislaga er

---

<sup>24</sup> Trúnaðarmál.

farið fram á fjárhagslegan aðskilnað á þeirri starfsemi SS þar sem félagið nýtur opinbers stuðnings annars vegar og áburðarsölu félagsins hins vegar.

SS bendir á að erindið varði markaðinn fyrir sölu á áburði auk markaðarins fyrir búfjárslátrun. Á fyrrnefnda markaðnum sé kvartandi með um 55% markaðshlutdeild en SS og aðrir aðilar með langtum minni markaðshlutdeild. SS vísar á bug ásökunum um meinta samtvinnun áburðarsölu og búfjárslátrunar. Félagið segir áburðarsöluna rekna sem sérstaka deild innan SS sem gerð sé upp sérstaklega. Hvað varðar greiðslumöguleika þann sem fram komi á pöntunarblaði SS fyrir áburð og erindi kvartanda snýst m.a. um álitur félagið það vera rétt bændu að geta skuldajafnað við inneign á afurðareikningi og/eða með innleggi afurða. Fram kemur að fyrir utan þennan greiðslumöguleika, sem sé einn af fjórum í áburðarviðskiptum bændu við félagið, þá sé ekki um neina samtvinnun milli umræddra rekstrareininga að ræða. Hvað varðar kröfu kvartanda um íhlutun samkeppnisyfírvalda á grundvelli 14. gr. samkeppnislaga segist SS ekki njóta styrkja eða þeirrar stöðu sem áskilin sé til beitingu ákvæðisins.

## 2.

### Markaðurinn

Í þessu máli heldur Áburðarverksmiðjan því fram að Sláturfélag Suðurlands hafi misnotað ráðandi stöðu sína á markaði fyrir slátrun á búfé til stuðnings áburðarsölu félagsins og þar með brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga. Ákvæði 11. gr. bannar fyrirtækjum að misnota markaðsráðandi stöðu sína. Áður en lagt er mat á þá háttsemi á markaði sem kvartað er yfir og hvort hún fari gegn umræddu ákvæði samkeppnislaga er nauðsynlegt að gera grein fyrir þeim markaði eða mörkuðum sem um ræðir í málinu og stöðu málsaðila á þeim.

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum.

### 2.1. Þjónustumarkaðurinn

Áburðarverksmiðjan telur þjónustumarkaðinn í máli þessu vera slátrun á búfé og á þar við slátrun á sauðfé, nautgripum og hrossum þar sem það sé vegna þessa búfjár sem bændur kaupi áburð. Sláturfélag Suðurlands telur mál þetta varða tvo aðskilda markaði. Annars vegar sé um að ræða markaðinn fyrir slátrun á búfé og hins vegar markaðinn fyrir sölu á áburði. SS skilgreinir ekki sláturmarkaðinn nánar en markaðinn fyrir slátrun á búfé en gefur upp markaðshlutdeild fyrirtækisins miðað við slátrun á þess vegum á sauðfé og nautgripum.

Í kvörtun Áburðarverksmiðjunnar er annars vegar fjallað um meinta misnotkun SS á markaðnum fyrir slátrun búfjár og gerir fyrirtækið kröfu á grundvelli 11. gr. samkeppnislaga í því samhengi. Kvartandi vænir SS, sem markaðsráðandi fyrirtæki á þeim markaði, um að samtvinnu sláturstarfsemina og áburðarsölu fyrirtækisins. Hins vegar gerir kvartandi kröfu um íhlutun samkeppnisyfirvalda gagnvart SS á grundvelli 14. gr. samkeppnislaga um að skilið verði fjárhagslega á milli sláturstarfsemi félagsins og áburðarsölu þess. Ljóst er að mati samkeppnisráðs að mál þetta snertir bæði sláturmarkaðinn og áburðarsölumarkaðinn. Það virðist hins vegar óþarfi að skilgreina síðarnefnda markaðinn nánar. Áburðarverksmiðjan andmælir ekki þeirri fullyrðingu SS að verksmiðjan hafi 55% hlutdeild á áburðarsölumarkaðnum á landsvísu. Á þeim markaði starfa fyrir utan Áburðarverksmiðjuna, SS ásamt öðrum fyrirtækjum með umtalsvert minni hlutdeild. Málið varðar enda ekki meinta misnotkun SS á þeim markaði. Það sem um er deilt er markaður fyrir slátrun búfjár, staða SS á þeim markaði og meint misnotkun félagsins á þeirri stöðu.

Eitt megintilfni kvörtunar Áburðarverksmiðjunnar er pöntunareyðublað SS fyrir áburð. Þeim sem kaupa áburð af SS eru þar gefnir nokkrir kostir um form á greiðslu fyrir áburðarkaupin. Meðal annars gefst kaupendum kostur á að skuldajafna með afurðainnleggi. Á því pöntunarblaði SS sem fylgdi erindi Áburðarverksmiðjunnar kemur fram að þeim sem hygðust greiða fyrir áburðarkaup með innleggi afurða, þ.e. skuldajöfnun, bæri að geta þess með hvaða búfé og fjölda búfjár þeir hygðust eiga í afurðaviðskiptum við SS. Á pöntunarblaðinu kemur einnig fram að viðkomandi viðskiptavinur bæði staðfesti innlegg afurða og heimili SS að draga áburðarúttekt frá áður en til útgreiðslu á afurðainnleggi komi með því að undirrita áburðapöntunarblaðið. Frá árinu 2002 hefur verið í gildi breytt pöntunareyðublað fyrir áburð frá SS frá því eyðublaði sem fylgdi erindi Áburðarverksmiðjunnar. Þar eru taldir upp fimm greiðslumátar fyrir áburðarkaup. Form þessara greiðslumáta eru nú þannig: (a) Greitt á bankareikning SS fyrir eindaga reiknings, (b) Reikningsfært, greitt eigi síðar en viku fyrir afhendingardag, (c) Greiðsluáætlun með afborgunum eftir vali kaupanda frá pöntunarmánuði til ársloka 2004, (d-e) Innleggjendur afurða eiga þess kost að greiða með inneign á viðskiptareikningi og/eða afurðainnleggi. Uppgjöri sé lokið fyrir 31. desember 2004. Ef kaupandi áburðar velur að greiða með afurðainnleggi nægir að hann staðfesti það með undirskrift sinni. Ekki þarf lengur að tilgreina tegund eða fjölda sláturdýra eins og ráð var gert fyrir á eldra eyðublaði.

Samkvæmt upplýsingum sem aflað hefur verið frá SS hafa svín ekki verið nema í einstaka tilfelli lögð inn af áburðarkaupendum félagsins. Samkeppnisráð telur vafasamt að reikna með að greitt sé fyrir áburð með innleggi á öðru búfé en grasbítum enda er það vegna þess búfjár sem bændur kaupa áburð. Með vísan til framanritaðs telur samkeppnisráð að hinn umdeildi þjónustumarkaður í þessu máli, þ.e. sá markaður sem þarfnast nánari skilgreiningar, sé markaðurinn fyrir slátrun á sauðfé, nautgripum og hrossum.

## 2.2. Landfræðilegi markaðurinn

Um landfræðilega markaðinn fyrir slátrun á búfé eru aðilar málsins ekki sammála. Áburðarverksmiðjan telur hann vera Suður- og Vesturland og nefnir því til stuðnings markaðshlutdeild SS á því svæði fyrir slátrun á sauðfé, nautgripum og hrossum. Jafnframt álitur Áburðarverksmiðjan að flutningskostnaður og varnir gegn smitsjúkdómum styðji það sjónarmið að landið allt geti ekki talist einn markaður hvað varðar slátrun á búfé. SS mótmælir því að hægt sé að einangra landfræðilega markaðinn við Suður- og Vesturland. Því til stuðnings nefnir fyrirtækið að allmörg dæmi séu um að sauðfé og nautgripir séu fluttir milli landsfjórðunga til slátrunar. Því séu engin rök fyrir því að telja markaðinn vera Suður- og Vesturland frekar en Vestur- og Norðurland eða Suður- og Austurland. SS telur því nærtækara að skilgreina landfræðilega markaðinn sem landið allt.

Samkeppnisráð álitur að ekki sé hægt að líta á landið allt sem eitt markaðssvæði hvað varðar slátrun á búfé. Má þar nefna að lög og reglur hamla að einhverju leyti flutningi á búfé milli landshluta, t.d. lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, en jafnframt hefur flutningskostnaður þar áhrif. Til stuðnings áliti ráðsins má benda á að sláturhús þjóna án undantekningar ákveðnum svæðum en ekki landinu öllu. Árið 2002 náði félagssvæði SS frá Borgarfjarðarsýslu í vestri til og með Vestur-Skaftafellssýslu í austri<sup>25</sup>. Af þessu svæði kom yfir 78% þess sauðfjár sem SS slátraði árið 2002 og hlutdeild félagsins í heildarslátrun á sauðfé á svæðinu var yfir 86%<sup>26</sup>. Í ár, 2003, var félagssvæði SS stækkað og tekur það nú til Dalasýslu í vestri allt austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi í Austur-Skaftafellssýslu í austri<sup>27</sup>, en af þessu svæði kom yfir 98% sauðfjár sem SS slátraði árið 2002 og var það yfir 59% af heildarslátrun á sauðfé á svæðinu<sup>28</sup>. Upplýsingar um landfræðilega dreifingu slátrunar á nautgripum og hrossum liggja ekki fyrir. Samkeppnisráð gengur út frá því að sú dreifing sé í meginatriðum sambærileg við sláturdreifingu sauðfjár.

Út frá ofangreindu álitur samkeppnisráð að landfræðilegi sláturmarkaðurinn í þessu máli sé svæði það sem sláturfé SS kemur frá og er jafnframt félagssvæði SS, þ.e. svæðið frá Dalasýsla í vestri að Jökulsá á Breiðamerkursandi í Austur-Skaftafellssýslu í austri.

## 2.3. Opinberar hömlur á markaðnum

Aðstæður á markaðnum fyrir búfjárslátrun, einkum slátrun sauðfjár, eru um margt sérstakar og hafa þær áhrif á skilgreiningu hins landfræðilega markaðar. Landbúnaðarframleiðsla og tengd starfsemi lýtur yfirgripsmiklum afskiptum

<sup>25</sup> Skv. samþykktum félagsins eins og þær voru fyrir breytingar sem gerðar voru 2003.

<sup>26</sup> Skv. Ársskýrslu SS fyrir árið 2002 og upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands.

<sup>27</sup> Skv. samþykktum félagsins 2003.

<sup>28</sup> Skv. Ársskýrslu SS fyrir árið 2002 og upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands.



opinberra aðila sem hafa veruleg áhrif á allar rekstrarforsendur fyrirtækja á markaðnum. Má þar nefna lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, ásamt reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga. Segja má að sláturleyfishafar njóti ríkisaðstoðar í þeim skilningi að beingreiðslur ríkisins til sauðfjárbænda skila sér í lægra hráefnisverði til sláturleyfishafa. Til hagræðingar- og vöruþróunar í atvinnugreininni hafa aðilar notið ýmissa styrkja og fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera. Nefna má sem dæmi að sláturleyfishafar hafa verið styrktir til uppbyggingar á vinnslustöðvum sínum þannig að þær uppfylli kröfur til framleiðslu samkvæmt reglum ESB. Í dag eru á landinu sex sláturhús sem uppfylla ESB kröfur hvað varðar sauðfjárslátrun<sup>29</sup>. Þau eru staðsett á Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkróki, Húsavík, Höfn í Hornafirði og Selfossi, en síðastnefnda sláturhúsið er í eigu SS. Jafnframt hafa þessi sömu sláturhús leyfi til útflutnings á Japansmarkað og nokkur þeirra á Bandaríkjamarkað. Sá markaður sem sláturleyfishafar starfa á hefur á undanförunum árum breyst mikið og sú breyting sem mun verða á markaðnum með því fé sem veitt verður úr ríkissjóði<sup>30</sup> til úreldingar sauðfjársláturhúsa á næstu mánuðum mun breyta markaðnum ennfrekar. Í skýrslu nefndar um stefnumótun í sláturiðnaði sem út kom í apríl sl. er fjallað um sauðfjárslátrun. Þar kemur m.a. fram að nefndin leggur til við landbúnaðarráðherra að reglugerð nr. 598/2000 um greiðslu verðmiðlungargjalds af kindakjöti verði breytt á þann veg að færa fjármagn milli flutningsjöfnunar á kjöti og flutningsjöfnunar á lifandi fé til aukningar á því síðarnefnda. Svo virðist sem sú hagræðing sem á sér stað á markaði fyrir slátrun á sauðfé miði að því að fækka til muna þeim sláturhúsum sem starfrækt verði í landinu. Til stuðnings mikilvægis svo nefndra ESB sláturhúsa í landinu má nefna hina miklu og síauknu skyldu bænda til útflutnings á sauðfjárafurðum, þó svo að í þeim eignum hafi sláturhús samstarf sín á milli.

#### 2.4. Staða fyrirtækja á hinum skilgreinda markaði

Á því svæði sem í þessu máli er skilgreint sem landfræðilegi markaðurinn fyrir slátrun á búfé hefur SS samkvæmt ofangreindri umfjöllun mjög sterka stöðu. Þó svo að markaðshlutdeild SS á markaðnum hafi verið metin út frá tölulegum upplýsingum um slátrun á sauðfé þá er það álit samkeppnisráðs að þær gefi ásamt uppbyggingu SS, þ.e. eignarhlutdeild bænda í félaginu<sup>31</sup>, og upplýsingum um markaðshlutdeild SS á landinu öllu í slátrun á sauðfé (24,05%), nautgripum (33,51%) og hrossum (40,87%)<sup>32</sup> nægilega sterka vísbendingu til að álíta SS markaðsráðandi á hinum skilgreinda markaði. Aðrir aðilar á markaðnum eru m.a. Sláturhúsið á Hellu, Sláturfélagið Búi á Höfn í Hornafirði, sláturhús Kaupfélags V-Húnvetninga á Hvammstanga, sláturhús Sölufélags A-Húnvetninga á Blönduósi, og sláturhús Kaupfélags Skagfirðinga á Sauðárkróki. Samkvæmt upplýsingum á vefnum horn.is þjónaði Búi á Höfn, árið

<sup>29</sup> Skýrsla nefndar um stefnumótun í sláturiðnaði, apríl 2003.

<sup>30</sup> Reglugerð nr. 651/2003, um úreldingu sauðfjársláturhúsa á árunum 2003 og 2004.

<sup>31</sup> Sjá ársskýrslu fyrirtækisins á heimasíðu.

<sup>32</sup> Skv. upplýsingum af vef Bændasamtaka Íslands.

2002, svæði sem til vesturs náði yfir Austur-Skaftafellssýslu. Ofangreind sláturhús á Norðvesturlandi sækja til vesturs sauðfé frá Vestfjörðum, Dalasýslu, Snæfellsnesi, Borgarfirði og Standasýslu. Hvað varðar nautgripi og hross þá sækir Kaupfélag V-Húnvetninga nautgripi aðalega úr V-Húnvatnssýslu en hross frá svæði sem nær frá Borgarfirði allt til Austurlands. Sölufélag A-Húnvetninga leggur áherslu á að bjóða þeim aðilum sem leggja inn hjá félaginu heildarviðskipti, en nautgripir og hross koma þó aðalega frá Vestur- og Austur-Húnvatnssýslum ásamt Skagafirði. Kaupfélag Skagfirðinga sækir aftur á móti ekki mikið af nautgripum og hrossum út fyrir Skagafjörð<sup>33</sup>. Sjá má af ofangreindum upplýsingum að sláturleyfishafar á Norðvesturlandi komi að einhverju leyti inn á sláturmarkaðinn á Vesturlandi enda eru þeir til dæmis hvað varðar gæði sláturhúsa og fjarlægð frá Vesturlandi álíka vel settir og starfsemi SS á Selfossi. Á sama hátt má segja að sláturhúsið á Höfn í Hornafirði sé í samkeppni við starfsemi SS á Suðurlandi hvað varðar a.m.k. A-Skaftafellssýslu. Sláturhúsið á Hellu starfar á sama svæði og SS hvað varðar slátrun nautgripa og hrossa. Þó svo að „heimasvæði“ Sláturhússins á Hellu sé Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslur þá er þar slátrað búfé frá svæði sem nær til Dalasýslu í vestri til og með Hornafirði í austri<sup>34</sup>.

Fyrirtæki telst vera markaðsráðandi þegar það hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Við mat á því hvort fyrirtæki telst markaðsráðandi skiptir markaðshlutdeild þess verulegu máli svo og staða keppinauta. Þannig er í samkeppnisrétti almennt litið svo á að há markaðshlutdeild geti ein og sér sýnt markaðsráðandi stöðu fyrirtækis nema fyrir hendi séu kringumstæður sem bendi til annars. Aðrir þættir skipta þó einnig máli við mat á markaðsráðandi stöðu, s.s. fjárhagslegur styrkur fyrirtækja, stærð fyrirtækja o.fl. Þegar metið er hvort fyrirtæki er markaðsráðandi verður einnig að meta hvort opinberar hindranir séu fyrir því að nýir aðilar komi inn á markaðinn eða opinber afskipti skapi fyrirtækjum á markaðnum sérstöðu.

Eins og getið er um hér að framan slátraði SS 59% alls þess sauðfjár sem slátrað var á hinum landfræðilega markaði þessa máls á árinu 2002. Á sama ári annaðist félagið slátrun 34% allra nautgripa sem slátrað var á landinu öllu og þar af leiðandi slátrun mun hærra hlutfalls nautgripa ef litið er á hinn skilgreinda landfræðilega markað. Þá slátraði SS 41% þeirra hrossa sem slátrað var á landinu. SS er fjárhagslega sterkt fyrirtæki í fjölþættum rekstri. Heildartekjur félagsins á árinu 2002 námu 3,7 milljörðum króna og var eigið fé þess 1,2 milljarðar króna í lok ársins 2002. Keppinautar SS á hinum skilgreinda markaði eru mun smærri fyrirtæki með veikari fjárhagsstöðu en SS. Þannig er velta SS sex til 20 sinnum meiri en keppinautanna og

<sup>33</sup> Skv. upplýsingum forsvarsmanna nefndra sláturhúsa á Norðvesturlandi.

<sup>34</sup> Skv. upplýsingum Sláturhússins á Hellu.

eigið fé keppinautanna á sama hátt mun minna en SS. Undanskilið er e.t.v. Kaupfélag Skagfirðinga en á það er að benda að starfsemi þess félags skarast ekki nema að litlu leyti við starfsemi SS á landfræðilegum markaði þessa máls. Með vísan til þeirrar stöðu SS sem hér segir og þrátt fyrir opinber afskipti af sláturmarkaðnum sem allir sláturleyfishafar þurfa að sæta og hið lagalega umhverfi sem áður er lýst er það mat samkeppnisráðs að SS sé ráðandi á hinum umdeilda markaði.

### 3.

#### **Misnotkun á markaðsráðandi stöðu**

Kvörtun Áburðarverksmiðjunnar sem hér er til umfjöllunar byggir á því að SS hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína á markaði fyrir slátrun á búfé til stuðnings starfsemi fyrirtækisins á öðrum markaði, þ.e. markaði fyrir sölu á áburði. Vísað er til d-liðar 11. gr. samkeppnislaga og byggt á því að pöntunarblað SS fyrir áburð sýni að samtvinnum eigi sér stað hjá fyrirtækinu hvað varðar slátrun og áburðarsölu. Í 11. gr. samkeppnislaga er bann lagt við misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu. Misnotkun fyrirtækja getur skv. d-lið 11. gr. falist í því að „...sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótar skuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju“. Auk ofangreinds fjallar Áburðarverksmiðjan máli sínu til stuðnings sérstaklega um viðskipti SS með áburð í Austur-Skaftafellssýslu.

Á umræddu pöntunarblaði SS fyrir áburð er eins og fyrr hefur verið nefnt boðið upp á fimm greiðsluvalkosti. Ekki er útfra pöntunareyðublaðinu hægt að álykta að einhver samtvinnum eigi sér stað í áburðar- og afurðaviðskiptum SS. Engin tilefni til slíkra ályktana koma fram á eyðublaðinu. Þannig eru engin skilyrði sett fyrir því á eyðublaðinu eða annarsstaðar að þeir sem leggja inn sláturafurðir hjá SS skuli kaupa áburð af félaginu. Þeim sem leggja inn afurðir er aðeins gefinn einn kostur af mörgum að skuldajafna áburðarkaup með tekjum af innlögðum afurðum. Við meðferð þessa máls hefur komið fram að áburður frá SS sé seldur um allt land og að sú sala sé í höndum sölufulltrúa sem staðsettir eru hringinn í kringum landið. Þessir sölufulltrúar eru skv. upplýsingum félagsins verktakar. Í höfðuðstöðvum SS í Reykavík eru þess utan tveir starfsmenn í áburðardeild sem rekin er sem sérstök deild innan félagsins. Jafnframt hefur komið fram að flytjendur áburðar eru verktakar. Samkvæmt upplýsingum af vefsíðu hydroagri.is er áburður SS, frá Hydro Agri, seldur um allt land og afhentur frá helstu höfnum landsins. Fram hefur komið að beiðni um slátrun í sláturhúsum SS fer fram samkvæmt ferli sem er algerlega aðskilið frá áburðarpöntunum. Beiðni um slátrun fer þannig fram að bændur hafa beint samband við sláturhús félagsins og óska eftir slátrun. Samkeppnisráð fær ekki af gögnum málsins séð að um sé að ræða þvinganir af hálfu SS hvað varðar áburðarkaup og/eða sláturviðskipti. Þá er það mat samkeppnisráðs að það geti ekki talist misnotkun á markaðsráðandi stöðu af hálfu SS að á vefsíðu félagsins sé að finna tilvísun og tengi í áburðarsöludeild SS þar sem fyrir liggur að félagið selur áburð frá Hydro Agri. Ekkert

er við það að athuga að mati ráðsins að fyrirtæki eins og SS fjalli í kynningarskyni á vefsíðu sinni um alla þá starfsemi og þjónustu sem fyrirtækið innir af hendi þó að hún kunnir að vera af ólíkum toga og lúta mismunandi lagaumhverfi. Að álitni samkeppnisráðs er ekki falin ólögmet samtvinnum í viðskiptum í skilningi 11. gr. samkeppnislaga í slíkri kynningu.

Hvað varðar þá sérstöku málsástæðu Áburðarverksmiðjunnar að SS hafi með einhverjum hætti þvingað bændur í Austur-Skaftafellssýslu til áburðarkaupa þá hefur ekkert komið fram þar um í málinu sem gefur tilefni til að rannsaka það sérstaklega.

Samkeppnisráð telur ekki að SS sem markaðsráðandi fyrirtæki á þeim markaði, fyrir slátrun á búfé, sem um ræðir hafi brotið gegn samkeppnislögum. Ekki eru sett nein skilyrði um áburðarviðskipti þegar samið er við bændur um slátrarviðskipti. SS býður viðskiptavinum upp á nokkra greiðsluvalkosti vegna áburðarkaupa á umræddu pöntunareyðublaði. Ekki getur talist óeðlilegt að þeir viðskiptavinir SS sem ætla að nýta sér skuldajöfnun sem greiðslumöguleika gefi samþykki sitt til kynna. Samkeppnisráð sér ekki neina þvingun eða samtvinnum viðskipta í því fölgna. Að mati samkeppnisráðs gefur ekkert í máli þessu tilefni til að álykta að SS hafi með pöntunareyðublaði fyrir áburðarkaup eða á annan hátt misbeitt ráðandi stöðu sinni á slátrumarkaði á Suður- og Vesturlandi í skilningi samkeppnislaga.

#### 4.

#### **Fjárhagslegur aðskilnaður**

Í þessu máli heldur Áburðarverksmiðjan því fram að SS njóti opinbers stuðnings í afurðaviðskiptum sínum og fer verksmiðjan með vísan til 14. gr. samkeppnislaga fram á fjárhagslegan aðskilnað á þeirri starfsemi SS sem nýtur opinbers stuðnings annars vegar og áburðarsölu félagsins hins vegar. Máli sínu til stuðnings segir Áburðarverksmiðjan að SS, sem slátruleyfishafi, njóti opinbers stuðnings í formi jöfnunar á flutningskostnaði og styrkja frá markaðsráði kindakjöts, sbr. reglugerð nr. 598/2000. Áburðarverksmiðjan telur ekki nægilegt að aðskilja fjárhagslega áburðarsölu og þann rekstur SS sem njóti stuðnings heldur þurfi að eiga sér stað stjórnunarlegur aðskilnaður. Í því sambandi telur Áburðarverksmiðjan ekki nægilegt „...að skilið verði þannig á milli að tilteknir starfsmenn sinni áburðarsölu en aðrir slátrun eða afurðasölu. Tryggja verður að sú starfsemi SS, sem nýtur beinna eða óbeinna styrkja, niðurgreiði ekki húsnæði, símsvörun, bókhald og skylda þætti fyrir áburðarsöluna. Þá verður að tryggja að þeir sem taka ákvörðun um slátrun hafi ekki upplýsingar um áburðarkaup einstakra bænda, til þess að bændur þurfi ekki að óttast að aðgangur þeirra að slátrun sé verri en ella, kjósi þeir að kaupa áburð sinn annars staðar en hjá SS“.

Í 14. gr. samkeppnislaga kemur fram að þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar sé

samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar milli þess hluta rekstrar sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.

Tvö skilyrði þarf að uppfylla til að ákvæði 14. gr. sé beitt. Annars vegar þarf að sýna fram á að fyrirtæki njóti einkaleyfis eða verndar. Starfsemi sem nýtur hvers kyns opinberra styrkja eða fyrirgreiðslu falla þar undir. Hins vegar þarf viðkomandi fyrirtæki að starfa í frjálstri samkeppni við önnur fyrirtæki. Slátur- og afurðaviðskipti SS byggja að miklum hluta á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga. Eins og áður segir álitur samkeppnisráð ljóst að landbúnaðarframleiðsla og tengd starfsemi þar með rekstur sláturleyfishafa lúti yfirgripsmiklum afskiptum opinberra aðila sem hafi veruleg áhrif á rekstrarforsendur fyrirtækja á markaðnum. Hluti þessara opinberu afskipta er fölginn í beinum fjárframlögum og tilfærslum á fjármagni á milli rekstrarþátta. Sem dæmi um greiðslur sem áhrif hafa á rekstur sláturleyfishafa þó að með óbeinum hætti sé eru beingreiðslur ríkisins til sauðfjárbænda. Þó að beingreiðslurnar séu beinir styrkir til sauðfjárframleiðenda þá hafa þær áhrif til lækkunar á hráefnisverði sláturleyfishafa og má segja að af þeim sökum njóti þeir ríkisaðstoðar. Til hagræðingar og vöruþróunar í atvinnugreininni hafa sláturleyfishafar enn fremur notið ýmissa styrkja og fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera. Nefna má sem dæmi að sláturleyfishafar hafa verið styrktir til uppbyggingar á vinnslustöðvum sínum þannig að þær uppfylli kröfur til framleiðslu samkvæmt reglum ESB. Með vísan til þessa er það mat samkeppnisráðs að SS uppfylli það skilyrði 14. gr. samkeppnislaga að njóta opinberrar verndar. Óumdeilt er að SS stundar viðskipti með áburð í frjálstri samkeppni m.a. við kvartanda í þessu máli. Með því er að mati samkeppnisráðs uppfyllt síðara skilyrði 14. gr. til íhlutunar ráðsins.

SS bendir í máli sínu á að á félaginu hvíli kvöð um aðskilnað á bókhaldi og fjárreiðum þar sem í 79. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sé kveðið á um að aðili sem rekur afurðastöð og hefur jafnframt með höndum annan rekstur skuli halda bókhaldi og fjárreiðum afurðastöðvarinnar aðgreindum frá öðrum rekstri. SS hefur upplýst að félagið uppfylli skilyrði tilvitnaðrar lagagreinar.

SS er fyrirtæki í fjölbættum rekstri og er starfsemin deildaskipt. Félagið er einkasöluaðili fyrir Norsk Hydro áburð á Íslandi og er áburðarsalan sérstök deild innan fyrirtækisins. Í gögnum í málinu sem undirrituð eru af löggildum endurskoðanda SS kemur fram að áburðardeildin sé, eins og afurðadeildin og aðrar rekstrardeildir fyrirtækisins, gerð upp sérstaklega í bókhaldi félagsins. Við athugun á rekstraruppgjöri fyrir áburðardeildina kom m.a. fram að deildin er rekin með hagnaði. Jafnframt er upplýst í málinu að tveir starfsmenn starfi í áburðarsöludeildinni sem staðsett er í höfuðstöðvum félagsins. Enn fremur hefur verið upplýst að aðrir sem að

áburðarsölu koma, sölumenn og flutningsaðilar úti á landi, séu verktakar sem að öðru leyti koma hvergi nærri starfsemi félagsins.

Þó að rekstri áburðardeildar SS sé haldið rekstrarlega aðgreindum frá annarri starfsemi félagsins og deildin taki þátt í sameiginlegum kostnaði fyrirtækisins þá er ekki að sjá í gögnum málsins að efnahagur sé aðgreindur né heldur er rekstrarreikningur áburðardeildar birtur sérstaklega í ársreikningi félagsins. Af þeim ástæðum telur samkeppnisráð nauðsynlegt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á milli áburðardeildar og annarrar starfsemi SS í skilningi 14. gr. samkeppnislaga. Að mati samkeppnisráðs er ekki þörf á því að mæla fyrir um stjórnunarlegan aðskilnað í þessu samhengi þar sem mannhald er nú þegar aðgreint og ekki hefur verið sýnt fram á að upplýsingaflæði á milli afurða- og áburðardeilda hafi eða geti haft skaðleg samkeppnisleg áhrif.

#### IV.

#### Ákvörðunaorð:

**„Með vísan til 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 mælir samkeppnisráð fyrir um að fjárhagslegur aðskilnaður milli áburðardeildar Sláturfélags Suðurlands svf. og annarrar starfsemi Sláturfélagsins skuli fara fram með eftirfarandi hætti eigi síðar en 1. júlí árið 2004.**

- 1. Stofnuð verði sérstök eining um rekstur áburðardeildarinnar. Reikningshald áburðardeildarinnar skal vera sjálfstætt. Reikningsskil skulu gerð í samræmi við meginreglu laga um ársreikninga og skulu liggja fyrir opinberlega með sambærilegum hætti og almennt gerist.**
- 2. Gera skal sérstakan stofnefnahagsreikning. Skulu þær eignir sem teljast til áburðardeildarinnar metnar á markaðsverði ef þess er kostur en annars á endurkaupsverði að frádregnum hæfilegum afskriftum.**
- 3. Með skuldum áburðardeildarinnar skulu eingöngu teljast skuldbindingar sem tengjast áburðardeildinni einni.**
- 4. Ef áburðardeildin nýtir sér yfirstjórn, stoðdeildir, fasteignir, tölvuvinnslu eða annað sameiginlegt með annarri starfsemi Sláturfélags Suðurlands svf. skal greiða fyrir það eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Öll önnur viðskipti milli áburðardeildar og annarra deilda Sláturfélagsins skulu verðlögð á markaðsverði eins og um viðskipti óskyldra aðila væri að ræða. Ef markaðsverð liggur ekki fyrir skal miða við kostnaðarverð að viðbættri hæfilegri álagningu.“**

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá úrskurð Áfrýjunarnefndar nr. [21/2003](#)]*